



15. ágúst 2025

Kæri nemandi!

Nú líður senn að upphafi skólaársins hjá okkur í MS. **Nýir nemendur við skólann eru boðaðir á fund föstudaginn 22. ágúst kl. 10-11** þar sem farið verður yfir ýmis hagnýt mál við upphaf skólagöngunnar. Þar gefst m.a. kostur á að hitta náms- og starfsráðgjafa skólans.

Skólastarfið hefst svo með **skólasetningu mánudaginn 25. ágúst kl. 8:30 í íþróttasalnum**. Strax í kjölfarið hefst kennsla samkvæmt stundaskrá.

Stundatöflur verða aðgengilegar í Innu fyrir upphaf kennslu og fá nemendur og forsjárfólk póst þegar þær eru tilbúnar. **Námsgagnalista** má finna á [heimasíðu skólans](#). Nemendur eiga að útvega öll námsgögn um leið og stundatöflur eru tilbúnar og mæta með þau í skólann þegar kennsla hefst. Nemendur þurfa einnig að hafa aðgang að **fartölvu í skólanum** og **koma með eigin ritföng og reiknivélar**.

Nýir nemendur fá tölvupóst á næstu dögum með aðgangi að **Microsoft 365** á netfangið sem notað var þegar nemandi skráði sig í skólann. Mikilvægt er að nemendur hafi þennan aðgang og verði búnir að setja upp Office pakkann áður en skólinn hefst. Ef nemendur lenda í vanda geta þeir leitað til tölvuumsjónarmanns.

Við minnum á heimasíðu skólans, www.msund.is. Þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar: [Skóladagatal](#), [skólareglur](#), [lýsing á einstökum áföngum](#) og upplýsingar um [uppbyggingu námsbrauta](#).

Menntaskólinn við Sund hefur einsett sér að vinna samkvæmt **grunngildunum ábyrgð, virðingu, jafnrétti og heiðarleika**. Því hvetjum við þig til að axla ábyrgð á námi þínu og sýna starfsfólki skólans og samnemendum þínum virðingu. Við vonumst til að þú leggir hönd á plóg til að efla jafnrétti í skólanum, hafir heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum. Að lokum minnum við á [siðareglur um notkun snjalltækja](#) í skólanum og [reglur um heiðarleika í námi](#)

Ef eitthvað er óljóst hafið þá endilega samband við skrifstofu skólans á msund@msund.is eða í síma 5807300.

Við hlökkum til að taka á móti þér!

Bestu kveðjur,
starfsfólk Menntaskólans við Sund

